

## Fundargerð



MÝVATN

# Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

## *Aukafundur.*

að Hlíðavegi 6, 2. apríl 2007, kl. 10:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá landsvirkjun ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun svelgholu á Kröflusvæðinu.
3. Fundargerð skólanefndar dags. 26 mars.
4. Erindi frá Jóni Inga Hinrikssyni og Sólveigu Erlu Hinriksdóttur ósk um að taka land úr landbúnaðarnotum og ósk um framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð á frístundabyggðarsvæði Vogum 3.

Mættir: Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson, Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

### 1. Fundarsetning.

Varaoddviti setti fund og bauð Steinunni velkomna á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund.

### 2. Erindi frá Landsvirkjun ósk um framkvæmdaleyfi fyrir borun svelgholu á Kröflusvæðinu.

Borist hefur bréf dags. 26. mars þar sem Landsvirkjun óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun 300-400 m. djúprar rannsóknarholu vegna niðurdælingar á affalssvatni. Í úrskurði Skipulagsstofnunar dags. 7. desember

2001 um mat á umhverfisáhrifum stækkunar Kröfluvirkjunar er talið mikilvægt að Landsvirkjun vinni að undirbúningsrannsóknnum vegna niðurdælingar í lek jarðlög og sprungur á 200-500 m. dýpi utan vinnslusvæðis. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í Hlíðardal þar sem Hlíðardalslækur rennur neðan Skarðssels. Staðurinn er innan iðnaðarsvæðis á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn veitir umbeðið leyfi fyrir sitt leiti.

### 3. Fundargerð skólanefndar dags. 26 mars.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram skipulags skólastarfs næsta árs. Skóladagatalið gerir ráð fyrir 180 kennsludögum auk starfsdaga kennara. Kennslumagn á viku er 232 tímar og staða stuðningsfulltrúa 84%. Skólaakstur verði sá sami og nú er. Í þriðja lið fundargerðarinnar er fyrirspurn frá skólanefnd til sveitarstjórnar um áætluð verklok og frágang skólalóðar, og einnig hver staða sparkvallar er. Jafnframt er bent á ástand heimreiðar að skóla og sundlaug sem er vægast sagt í lélegu ásigkomulagi. Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar. Varðandi þriðja lið er því til að svara að skipulagsvinna á lóðinni skóli/sundlaug er í vinnslu og vonandi verður þeirri vinnu lokið í vor og þá verði hægt að taka ákvörðun um framhaldið. Sveitarstjórn samþykkti í forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2007 fjárframlag til gerðar sparkvallar og áætlað er að því verði lokið í sumar.

### 4. Erindi frá Jóni Inga Hinrikssyni og Sólveigu Erlu Hinriksdóttur ósk um að taka land úr landbúnaðarnotum og ósk um framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð á frístundabyggðarsvæði Vogum 3.

Borist hefur bréf dags. 19. mars þar sem óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar á því að land það sem skipulagt hefur verið sem frístundahúsabyggð við Stórarjódur í Vogum 3 verði tekið úr landbúnaðarnotum, einnig er óskað eftir framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð að fyrirhuguðu frístundahúsasvæði og lagningar rafmagns og vatns í einn skurð. Í bréfinu kemur fram að í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að klára vegagerð á svæðinu sem ekki þurfi að raska því meira.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að umrætt landsvæði verði tekið úr landbúnaðarnotkun. Varðandi framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð og lagnaskurði þá verður það gefið út um leið og staðfesting Skipulagsstofnunar á deiliskuplaginu hefur borist og skipulagið auglýst í Stjórnartíðindum. Að öðru leyti er minnt á skilyrði sveitarstjórnar fyrir samþykkt deiliskipulagsins. Kristján vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson,  
Steinunn Ósk Stefánsdóttir.